

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 7. maí 2018 að Skipholti 50b, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í síma. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Einnig Guðfinna Harðardóttir og Björg Valsdóttir frá Starfsmennt og Þórkatla Þórisdóttir og Marín Björk Jónasdóttir frá Borgarholtsskóla.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Umræða um skipulag fræðslustofnana

Farið yfir drög að verkáætlun Starfsmenntar dags. 15. maí 2018 sem gerir ráð fyrir því að lokið verði við námslýsingu á 180 eininga námi á framhaldsskólastigi og felst m.a í því að fá staðfestingu frá atvinnulífínu/starfsstéttinni á hæfnikröfum námsins.

Lagt er til að haldinn verði rýnihópafundur með 12-15 fulltrúum (6 frá vinnuveitanda og 6 úr starfsstétt félagsliða) þann 6. júní 2018 og mun Starfsmennt undirbúa þann fund og senda út fundarboð á næstu dögum.

Stefnt er að því að halda fund hjá starfsþróunarnefnd ásamt fulltrúum Starfsmenntar og Borgarholtsskóla að loknum rýnihópafundi til að fara yfir niðurstöður fundarins.

Jafnframt er lagt til að farið verði í sambærilega vinnu vegna náms stuðningsfulltrúa, þ.e að ljúka við hönnun 180 eininga námsleiðar á framhaldsskólastigi. Áætlað er að fara í þá vinnu haustið 2018.

Einnig er lagt til að námsskrá Launaskólans verði endurskoðuð með það í huga að lengja námið 94 kest í 150 kest til að það uppfylli ákvæði gr. 10.2.1 í kjarasamningi aðila um 2% persónuálag. Þessari vinnu verði lokið í febrúar 2019. Starfsmennt og stýrihópur sem samanstendur af fulltrúum frá hagsmunaaðilum munu bera ábyrgð á verkefninu.

Nám leikskólaliða og nám skólaliða eru verkefni sem falla ekki undir verksvið Starfsmenntar.

Starfsþróunarnefnd mun skoða nám þessara aðila frekar í samstarfi við Borgarholtsskóla.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 4. júní kl. 9.30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00